



Akraneskaupstaður

**1393. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 23. apríl 2024 og hefst kl. 17:00**

Almenn erindi

1. 2403212 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2023 - A hluti

Á fundi bæjarráðs þann 18. apríl 2024 staðfesti bæjarráð ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun og lagði til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. vegna ársins 2023 verði samþykktir.

2. 2403211 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2023 - B-hluti

Á fundi bæjarráðs þann 18. apríl 2024 staðfesti bæjarráð ársreikning Gámu með undirritun og lagði til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis vegna ársins 2023 verði samþykktir.

3. 2403210 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2023 - samstæða

Á fundi bæjarráðs þann 18. apríl 2024 staðfesti bæjarráð samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar 2023 með undirritun og lagði til við bæjarstjórn Akraness að reikningurinn verði samþykktur.

4. 2403147 - Skipulagsgátt - framleiðsla rafeldsneytis á Grundartanga mál til umsagnar

Óskað var eftir umsögn varðandi framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga. Framkvæmdin er á vegum Qair og felst í framleiðslu vetnis og ammoníaks til að nota í orkuskiptum í stað jarðefnaeldsneytis. Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Fundargerðir til kynningar

5. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð

3560. fundargerð bæjarráðs frá 11. apríl 2024.
3561. fundargerð bæjarráðs frá 18. apríl 2024.

6. 2401003 - Fundargerðir 2024 - velferðar- og mannréttindaráð

223. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 16. apríl 2024.

7. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfiráð

294. fundargerð skipulags- og umhverfiráðs frá 15. apríl 2024.

22.04.2024
Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.